

Veiðimálastofnunin,
Útibú, Borgarnesi.
Þórir Dan Jónsson.

1982

+

Vatnasvæði Lýsu.
Fiskifræðilegar rannsóknir.

Dagana 25-26/8 1981 voru tilraunanet lögð í Torfavatn, Lýsuvatn og Reyðarvatn. Jafnframt var rafveitt í Lýsuhólsá, nánar tiltekið, skammt fyrir neðan túnið hjá Lýsuhól.

Helstu niðurstöður.

Afli varð sem hér segir.

| Vatn | möskvastærð (mm/legg) | möskvastærð (omf./alin) | fjöldi fiska bleikja | urriði/sjób. |
|------------|--------------------------|----------------------------|-------------------------|--------------|
| Reyðarvatn | 35 | 18 | 7 | 2 |
| | 21 | 30 | 35 | 3 |
| | 12 | 52 | 21 | - |
| Torfavatn | 40 | 16 | 2 | 6 |
| | 35 | 18 | 16 | 12 |
| | 29 | 22 | 12 | 15 |
| | 24 | 26 | 17 | 1 |
| | 19 | 32 | 49 | 6 |
| | 10 | 64 | 18 | - |
| Lýsuvatn | 46 | 14 | 6 | - |
| | 29 | 22 | 11 | |
| | 24 | 26 | 14 | 1 |
| | | samtals | 208 | 46 |

Einnig fengust 12 laxaseiði í net í vötnum og önnur 12 í rafveiðum í Lýsuhólsá.

Lengdardreifing aflanns er sýnd á myndum 1,2 og 3. bls. 6 og 7.

Vegna þess að ekki voru notaðar sömu möskvastærðir, (og jafnmörg net) í öll vötnin verður ekki gerður greinarmunur á veiðinni í hinum einstöku vötnum, en lengdardreifing aflanns er að verulegu leyti háð möskvastærðum þeim sem á netunum eru.

Bleikja. Bleikjurnar voru frá 9.0-37.0 cm. stórar. Yngstu voru eins vetrar gamlar, en þær elstu aðeins sjö vetrar.

Meðfylgjandi tafla sýnir meðallengd og spönn aldursgreindrar bleikju.

Tafla 1. Meðallengd á bleikju úr Torfavatni, Reyðarvatni og Lysuvatni. 25-26/8 1981.

| aldur í vetrum | árg. | fjöldi | meðallengd(cm.) | spönn (cm.) |
|----------------|------|--------|-----------------|-------------|
| 1+ | 1980 | 7 | 12.9 | 10.0-18.0 |
| 2+ | 1979 | 16 | 21.5 | 18.5-29.5 |
| 3+ | 1978 | 9 | 24.1 | 22.0-28.0 |
| 4+ | 1977 | 11 | 28.4 | 21.5-37.5 |
| 5+ | 1976 | 1 | 32.5 | 32.5 |
| 6+ | 1975 | 3 | 31.8 | 30.5-32.5 |
| 7+ | 1974 | 3 | 30.0 | 28.0-32.5 |

Mynd 4, bls. 8 sýnir aldursdreifingu bleikjunnar. Þrjú fyrstu árin er meðalvöxturinn afar góður en síðan hægir mjög á honum. Nokkrar bleikjur höfðu verið í sjó. T.d. var tveggja ára bleikjan sem 29.5 cm. ~~var~~ ^{long} sjóbleikja.

Eins og sést á mynd 1 bls. 6 veiðast mjög fáar bleikjur sem eru lengri en 30.0 cm.

Urriði/sjóbirtingur.

Urriðarnir/sjóbirtingarnir sem veiddust voru frá 17.0 cm. og upp í 41.0 cm. srórir. Flestir voru af stærðinni 25-35 cm. Sést þetta greinilega á mynd 2 bls. 7. Aldursgreining sýndi að allir nema þrír fiskar voru þriggja og fjögurra (3^+ og 4^+) vetra gamlir. Hinir voru fimm og sex vetra gamlir og allir staðbundnir vatnaðar.

Tafla 2 bls. 9 sýnir aldursdreifingu aflanns, bæði staðbundinns urriða og sjóbirtings, meðallengd hvers árgangs og útreiknaða meðallengd í lok hvers vetrar.

Tölurnar eru settar upp í vaxtarlinurit á mynd 5. bls. 10 ^{hvað staðbundna urriðanum}. Sjá má að vöxturinn er ágætur fram til ~~þárs~~ ^{þárs} aldursárs, en þá hægir á honum, en slikt er oft einkennandi fyrir þetta fiskstofna.

Sjóbirtingurinn heldur í fyrsta sinn til sjávar þegar hann er þriggja vetra gamall. Þannig hefur fjögurra vetra gamall sjóbirtingur sem veiðist í ágúst verið nýkominn úr annarri sjávardvöl sinni.

Orfáir fiskar fara þó ekki í sjó fyrr en þeir eru fjögurra vetra gamlir.

Lax.

Í vötnunum veiddust 12 laxaseiði, 8.1 - 15.0 cm. stórv.

Mynd 3 sýnir lengdardreifingu seiðanna.

Auk þess er lengdardreifing rafveiddra laxaseiða úr Lýsuhólsá sýnd á myndinni.

Laxaseiðin vaxa afar vel í vötnunum og nái sjóöngustærð strax tveggja vetra gömul. Í ánni vaxa þau ver og nái ekki sjóöngustærð fyrr en eftir þrjá veturnar í ánni. Á Vesturlandi er ekki áalgengt að laxaseiði nái sjóöngustærð þriggja til fjögurra vetra gömul.

Alyktanir.

Aflamagnið í tilraunananetin gefur til kynna að fiskmagn í vötnum sé talsvert, enda virðast dýptarskilyrði vera eins og best verður á kosið.

Fram að ~~fimm~~ ára aldri er vöxturinn góður en eftir það hægir á vextinum hjá staðbundna fiskinum, en það bendir til mikils þéttleika í vötnum. Vötnin má flokka sem þéttsetin, bæði af urriða og bleikju, en slík vötn eru gjarnan afkastamestu veiðivötnin, en skilyrðið er að stunduð sé mikil veiði í þeim. Ella er hætta á að þau verði ofsetin.

Fáir fiskar eru stærri en 30 cm. og aldursgreiningar sýna að lítið er um gamlan fisk í aflanum. Er þetta raunar nokkuð furðulegt, og verða hér á eftir nefndar þrjár hugsanlegar orsakir þessa en ekki er hægt að dæma að sinni hver sé suð rétta.

1. Á þessum tíma heldur eldri og stærri fiskur sig annarsstaðar en þar sem lagt var?

Auðvelt ætti að vera að fá úr þessu skorið með því að veiða aftur á öðrum árstíma, t.d. að vetri til.

2. Náttúruleg dánartala er afar há á fimmta aldursári fisksins (og einnig síðar)? Með merkingum má komast að þessu,

3. Minnstu möskvastærðir sem notaðar eru við veiðarnar eru $1\frac{1}{4}$ " (31.5 mm. milli hnúta). Við fjögurra ára aldur hefur fiskurinn náð 30 cm. stærð og verður þá veiðanlegri en áður. Kannski er netaveiðin það mikil að að stærstu fiskarnir séu teknir jafnóðum og þeir ná 30 cm. stærð?

Það sem hér hefur verið sagt má ekki skilja þannig að það beri að minnka veiðarnar, en það mætti kannski nota mismunandi möskvastærðir eftir áratíma. Á sumrin (þegar sjógenginn fiskur er ekki í vötnum) ætti að veiða með smáriðnum netum, 32-22 omf/alin (19-29 mm. á legg). Mætti þannig grisja nokkuð staðbundna stofninn.

Ef náttúrulegur dauði er ekki óeðlilega hárr meðal sjávargengna fisksins, má auka afrakstur vatnanna með því að leyfa fiskinum að vaxa í meiri stærð áður en hann er veiddur. Flestir fjögurra ára fiskarnir sem veiddust voru ókynþroska og geta því stækkað mikil að einu ári. Með því að nota net með stærri möskvum en finnstu netin sem nú eru notuð, t.d. 16 omf/alin (39.5 mm. á milli hnúta),

fengi silungurinn að vaxa einu ári lengur og gæti því verið 35-40 cm. stór þegar hann veiðist.

Ef reyna á þessa leið verða menn að gera sér grein fyrir því að aflinn verður rýr fyrsta árið eða þar til fiskuránn hefur náð nægilegri stærð til að ánetjast.

Hugsanlega má auka laxgengd í vötnin eitthvað með sleppingu sumaralinna laxaseiða í vötnin, en ég tel það alls ekki ráðlegt að svo stöddu. Reynslan sýnir að viða þar sem laxi h. efur fjölgæð fækkar sjóbirtingi. Víst er að það þyrfti að sleppa laxaseiðum árlega í vötnin og gæti það reynst nokkuð dýrt, sérstaklega ef sjóbirtingurinn hyrfi jafnframt.

Verður að hafa í huga gamla máltaðkið, að "betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi".

MONTAGUE LYSO.

BLEIKI

lets c

6 FIGURE ESKA

4

7

10 FIGURE ESKA

9

6

7

14 FIGURE ESKA

13

12

11

10

9

8

8

10

20

30

40

50

60

70

80

90

100

110

120

130

140

150

160

170

180

190

200

210

220

230

240

250

260

270

280

290

300

310

320

330

340

350

360

370

380

390

400

410

420

430

440

450

460

470

480

490

500

510

520

530

540

550

560

570

580

590

600

610

620

630

640

650

660

670

680

690

700

710

720

730

740

750

760

770

780

790

800

810

820

830

840

850

860

870

880

890

900

910

920

930

940

950

960

970

980

990

1000

REYDAM

TORFSEN

Mynd 1. LENGARDREIFING BLEIKIUS VIEODKIUS TORFSENATI OS RENDAMANIMI
LENOD I. con.
25-26/8 81


blo 7

MYNO 2. LENGDAR ÓG ALDURSDREIFING LAXASE ÓÐA / SJÓBIRTRJÓNS
UR TORFAVATN, LÝSUVATN OG REYDVARVATN
25-26/8 1981

Fjöldi

= VRR ÓÐI

= SJÓBIRTRJÓR




Mynd 3.


LENGDAR ÓG ALDURSDREIFING LAXASE ÓÐA, ÞA VITVASVEDI LÝSU
25-26/8 1981.

Fjöldi

LÝSUHÓLÐA, RAFVEIBAR



TORFAVATN, REYDVARVATN
OG LÝSUVATN.
NETRAFLI.



bis 8.

MYND 4.

ALDURSDREIFING BLEIKJU

BLEIKJU.

TORFAVATN.

LÝSUVATN.

REYONRUVATN.

25-26/8 81

LENGD
1 cm.

40

30

20

10

1 2 3 4 5 6 7 8 ALDUR VETRUM

bls 9

Tafla 2 . Útreiknaðar lengdir á urriða / sjóþirting úr Lýsuvatni,
Reyðarvatni og Torfavatni. 25-26/8 1981.

Staðbundinn urriði.

| aldur | árgangur | fj. | L | l ₁ | l ₂ | l ₃ | l ₄ | l ₅ | l ₆ |
|----------------|----------|-----|------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| 3 ⁺ | 1978 | 14 | 26.7 | 4.9 | 10.6 | 19.0 | | | |
| 4 ⁺ | 1977 | 4 | 30.0 | 4.8 | 7.7 | 14.1 | 22.2 | | |
| 5 ⁺ | 1976 | 1 | 29.5 | 4.1 | 7.4 | 12.0 | 16.4 | 23.9 | |
| 6 ⁺ | 1975 | 2 | 34.0 | 5.5 | 8.7 | 12.0 | 17.2 | 23.1 | 28.7 |
| samtals fjöldi | | | 21 | meðall | 4.9 | 9.7 | 17.0 | 19.9 | 23.4 |
| | | | | | | | | | 28.7 |

Sjóþirtingur.

| aldur | árgangur | fj. | L | l ₁ | l ₂ | l ₃ | l ₄ |
|----------------|----------|-----|------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| 3 ⁺ | 1978 | 5 | 29.9 | 5.9 | 12.6 | 21.0 | |
| 4 ⁺ | 1977 | 6 | 34.7 | 5.5 | 10.9 | 16.4 | 25.8 |
| samtals fjöldi | | | 11 | meðall | 5.7 | 11.7 | 18.5 |
| | | | | | | | 25.8 |

L = meðallengd

l₁, l₂, l₃ o.s.frv.= lengd við 1.vetur, annan vetur, þriðja vetur os frv.

bb 10.

MYND 5. VAXTARLÍAURIT FYRIR URRIÐA / SJBIRÐA

I TORFÁVATN, REYDARVATN OG LÝSOUVATN

25-26/8 '81.

LENÐI
cm.

40

30

20

10

SJBIRTINSUR →

← STADBUNDINN VATNAURRI